



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# MYNDIRÁ SÝNINGU

**16. NÓVEMBER 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

### Áætluð tímalengd verka:

Píanókoncert: 35'

Síðdegi skógarpúkans: 11'

Myndir á sýningu: 33'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Því miður þurfti einleikarinn **Sergej Krylov** að aflýsa komu sinni til landsins vegna veikinda. Í hans stað flytur Yulianna Avdeeva píanókoncert nr. 1 eftir Tsjajkovskíj.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# MYNDIR Á SÝNINGU

---

**Yan Pascal Tortelier**  
hljómsveitarstjóri

---

**Yulianna Avdeeva**  
einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Pjotr Tsjajkovskíj  
**Píanókonsert nr. 1 í b-moll, op. 23** (1874/79)  
Allegro non troppo e molto maestoso  
Andantino semplice  
Allegro con fuoco

**Hlé**

Claude Debussy  
**Forleikur að Síðdegi skógarpúkans** (1894)

Modest Músorgskíj/úts. Ravel  
**Myndir á sýningu** (1874, úts. 1922)  
Göngustef  
Dvergurinn  
Göngustef  
Gamli kastalinn  
Göngustef  
Tígulsteinagarðurinn  
Uxakerran  
Göngustef  
Dans kjúklinganna í egginu  
Tveir pólskir gyðingar  
Markaðstorgið í Limoges  
Katakomburnar: Með dauðum á dauðu máli  
Nornakofinn  
Hliðið mikla við Kænugarð

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# YAN PASCAL TORTELIER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**Y**an Pascal Tortelier kemur úr þekktari franskrari tónlistar-fjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouwhljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabíll starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Fyrr á þessu ári var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskrar tónlistar á heimsvísu.



---

# YULIANNA AVDEEVA

## EINLEIKARI

**Y**ulianna Avdeeva er fædd í Moskvu árið 1985. Hún vakti heimsathygli þegar hún hreppti fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Chopin-keppninni í Varsjá árið 2010, fyrsti kvenpíanistinn til að vinna þá keppni frá því að Martha Argerich hlaut 1. verðlaun árið 1965.

Avdeeva hefur komið fram með mörgum heimsfrægum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitinni í Berlín, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Konunglegu fílharmóníuhljómsveitinni í Stokkhólmi og Santa Cecilia-hljómsveitinni í Róm. Á yfirstandandi tónleikaári kemur hún fram með símfóníuhljómsveitinni í Montréal, Pittsburgh-símfóníunni og Hátíðarhljómsveitinni í Luzern, auk þess að leika einleik með St. Martin-in-the-Fields akademíunni og Ríkishljómsveitinni í Moskvu. Síðastliðið sumar kom hún í fyrsta sinn fram á Tónlistarhátíðinni í Salzburg, og mun á næsta ári halda einleikstónleika í Óperuhúsinu í Sídney.

Avdeeva er einnig ötull flytjandi kammertónlistar og hefur m.a. haldið fjölda tónleika með fiðluleikaranum Juliu Fischer, kammerhópnum Kremerata Baltica og hljóðfæraleikurum úr Fílharmóníuhljómsveit Berlínar. Avdeeva hefur leikið inn á þrjá hljómdiska, m.a. konserta Chopins með Hljómsveit átjándu aldarinnar undir stjórn Frans Brüggen, auk þess sem Deutsche Grammophon gaf út upptökur hennar á einleiksverkum eftir Chopin árið 2015. Nýjasti diskur hennar kom út fyrir á þessu ári og hefur að geyma tónlist eftir Johann Sebastian Bach.



# PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

## PIÁNÓKONSERT NR. 1

Sagan hefur að geyma ótal dæmi um listaverk sem vöktu hneykslan eða andúð í upphafi en sem síðari kynslóðir hafa talið til meistaraverka. Sjaldan hefur dómharkan þó verið jafn óskiljanleg og hjá Nikolai Rubinstein, rússneska píánósnillingnum sem var skólastjóri Tónlistarháskólans í Moskvu. Á aðfangadagskvöld 1874 lék Pjotr Tsjajkovskij (1840–1893) glænýjan píánókonsert sinn fyrir Rubinstein í þeirri von að fá hjá honum hvatningu, og hugsanlega fáeinar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Viðbrögðin rakti Tsjajkovskij í bréfi þremur árum síðar:

„Ég lék fyrsta kaflann. Ekki eitt orð, ekki ein athugasemd! Ég ákvað að vera hugrakkur og spilaði verkið allt í gegn. Enn þögn. Ég stóð á fætur og spurði, „Jæja?“ Þá hófst orðaflaumurinn, fyrst hæglátur en tók smám saman að líkjast þrumuraust Júpíters. Hann sagði að konsertinn minn væri óspilandi, einskis virði, og svo óhönduglega saminn að ómögulegt væri að lagfæra hann; að verkið væri lélegt og yfirborðslegt; að ég hefði stolið þessum bút héðan og hinum þaðan. Í stuttu máli sagt: Hefði einhver ókunnugur ráfað inn í herbergið meðan á ræðunni stóð hefði sá hinn sami haldið að ég væri skilningssljór og hæfileikalaus fúskari sem hefði sótt heim virtan tónsnilling til þess eins að gera honum lífið leitt.“

Niðurlægingin var algjör. Tsjajkovskij fór heim í fússi og hrópaði: „Ég breyti ekki einni einustu nótu!“ Skömmu síðar frumflutti Hans von Bülow konsertinn á tónleikum í Boston, og vinsældirnar urðu strax slíkar að þegar kom að frumflutningnum í Moskvu lét gamli Rubinstein sig hafa það að stjórna verkinu. En hvað vakti svo hörð viðbrögð? Verkið er augljóslega ekki óspilandi, þótt Tsjajkovskij hafi kannski ekki fyllilega ráðið við að leika einleikspartinn sjálfur, enda voru hæfileikum hans sem píánisti takmörk sett. Það sem virðist hafa farið mest í taugarnar á Rubinstein var óhefðbundin uppbygging fyrsta kaflans. Upphafsstefið fræga stendur fyrir utan hið hefðbundna sönötuform og er þar fyrir utan ekki í megintöntegund verksins. Síðari kynslóðir hafa þó sætt sig við hina óvenjulegu framvindu og nú til dags dettur engum í hug að fetta fingur út í hana.

Annar þáttur konsertsins er hugljúft millispil eða *intermezzo* sem hefst á einni af innblásnustu laglínnum tónskáldins. Um miðbik kaflans bryddar Tsjajkovskij upp á annarri formnýjung,

leifturhröðum scherzando-kafla þar sem einleikarinn fer á fingrahlaupum meðan strengirnir leika laglínu sem á uppruna sinn í Frakklandi, sönglagið *Il faut s'amuser* sem naut mikilla vinsælda um það leyti sem Tsjajkovskíj samdi konsertinn. Upphaf lokaþáttarins byggir Tsjajkovskíj á úkraínsku þjóðlagastefi. Tónlistin er full af fjöri, þrótti og glæsileika allt fram til síðasta takts, enda ekki við öðru að búast í einum vinsælasta einleikskonsert allra tíma – hvað svo sem leið dómhörku skólastjóra nokkurs í Moskvu fyrir tæpum 150 árum.

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í tuttugasta og annað sinn sem Sí flytur fyrsta píanókonsert Tsjajkovskíjs.

Rögnvaldur Sigurjónsson lék konsertinn í fyrsta sinn á Íslandi í Þjóðleikhúsinu í mars 1953 undir stjórn Róberts A.

Ottóssonar. Síðan hafa m.a. flutt verið Shura Cherkassky (1954 og 1980), Ann Schein (1959), John Ogdon (1968), Peter Donohoe (1982), Peter Maté (1992), Sergio Tiempo (2009), Jorge Luis Prats (2014) og Kirill Gerstein (2016).



# CLAUDE DEBUSSY

## FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI SKÓGARPÚKANS

Í árslok 1890 kynntist hinn 28 ára gamli Claude Debussy (1862–1918) skáldinu Stephane Mallarmé, sem var ásamt Paul Verlaine fremsta symbólistaskáld franskar ljóðagerðar. Debussy og Mallarmé hittust um skeið vikulega á svokölluðu „salon“ ljóðskáldsins, þar sem listamenn úr hinum ýmsu geirum ræddu sameiginleg áhugamál. Mallarmé átti hugmyndina að því að hið unga – og að mestu óreynda – tónskáld semdi tónlist við ljóð sitt, *L'après-midi d'un faune* (ort 1865, fyrst gefið út 11 árum síðar), sem á sínum tíma vakti athygli fyrir draumkennda erótík og torskilið myndmál. Í ljóðinu lýsir Mallarmé dagdraumum skógarpúka, goðsagna-kenndrar veru sem er hálfur maður og hálf geit. Á heitum sumardeggi kemst púkinn í kynni við (eða dreymir um – í kvæðinu eru skilin milli draums og veruleika heldur óljós) fagar skógardísir. Púkinn gerist ástleitinn en þótt honum takist stundum að smella kossi á dísirnar fögru renna þær honum sífellt úr greipum.

Hinn draumkenndi tónn sem Mallarmé sló í kveðskap sínum fann samhljóm í tónsmíð Debussys. Tilvísanir kvæðisins í tónlist spilltu heldur ekki fyrir, en skógarpúkinn leikur á flautu á milli þess sem hann reynir að draga dísir skógarins á talar. Tónlistin er margræð og erfitt er að festa hendur á ákveðinni tóntegund eða hefðbundnum hljómagangi. Þetta er eitt megineinkenni verksins og í því fólust áhrif þess á þróun tónlistar á 20. öld. Hljómarnir ferðast sjaldnast eftir hefðbundnum brautum og því er ómögulegt að segja til um hvert ferðinni er heitið næst – nema maður þekki verk Debussys þeim mun betur. „Þessu átti ég alls ekki von á,“ hrópaði ljóðskáldið Mallarmé eftir að hafa heyrt Debussy leika forleikinn á píanó skömmu fyrir frumflutninginn í desember 1894. Pierre Boulez komst eitt sinn svo að orði að með smástígru flautulínunni í upphafi verksins hafi tónlist 20. aldar litið dagsins ljós.

Með frumflutningnum komst Debussy í framvarðasveit nýrrar tónsköpunar og hið nýstárlega verk vakti harðar deilur, eins og við var að búast. Camille Saint-Saëns var meðal þeirra sem hneyksluðust: „Hljómurinn er fallegur, en það er ekki ein einasta innblásin hugmynd í verkinu öllu. Að kalla þetta tónverk er sambærilegt við að kalla litaspjald málarsins fullgert málverk.“ Louis Elson komst skemmtilega að orði í gagnrýni sinni eftir flutning verksins í Boston 1904: „The faun must have had a terrible afternoon.“ Það varð svo til að bæta gráu ofan á



svart þegar rússneski ballettstjórinn Sergei Diaghilev setti á svið ballettuppfærslu af *Skógarpúkanum* árið 1912, með dönsum eftir hinn víðfræga Vaslav Nijinskíj. Erótískur dans Nijinskíjs þótti ganga út yfir öll velsæmismörk, og frumflutningurinn var *succès de scandale* rétt eins og uppfærsla sama hóps á *Vorblóti* Stravinskíjs ári síðar.

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Síðdegi skógarpúkans  
hljómaði nokkrum sinnum  
á öldum ljósvakans áður en  
Sinfóníuhljómsveit Íslands varð  
til. Þá var þýðing heitisins raunar  
nokkuð á reiki og var stundum  
talað um „Kvöld skógarpúkans“.  
Sinfóníuhljómsveit Íslands  
flutti verkið fyrst undir  
stjórn Olavs Kjelland í  
Þjóðleikhúsinu 1955 en síðan  
hefur það hljómað sjö sinnum  
í flutningi hljómsveitarinnar,  
meðal annars undir stjórn  
aðalhljómsveitarstjóranna  
Jean-Pierres Jacquillat (1973 og  
1980) og Petris Sakari (1988).  
Síðast hljómaði verkið undir  
stjórn Daníels Bjarnasonar  
árið 2015. Einnig má geta þess  
að ballettflokkur undir stjórn  
Jerome Robbins, „Ballets:  
U.S.A.“, dansaði Síðdegi  
skógarpúkans í Þjóðleikhúsinu  
árið 1959 og vakti sá flutningur  
mikla athygli.



# MODEST MÚSORGSKÍJ

## MYNDIR Á SÝNINGU

Modest Músorgskíj (1839–1881) var ötull talsmaður þess að Rússar sköpuðu sína eigin tónlist út frá sérkennum rússneskar þjóðlagatónlistar fremur en að reiða sig um of á vestrænar hefðir. Að því leyti var hann andstæða Tsjajkovskíjs, sem reyndi að brúa bilið milli austurs og vesturs í sínfóníum sínum, konsertum og ballettum. Mörgum samverkamanna Músorgskíjs þótti nóg um sérviskuna í tónsköpun hans. Þegar hann lést frá mörgum verka sinna ófrágengnum kom það í hlut Rimskíj-Korsakovs að ljúka þeim, sem hann gerði m.a. með því að „lagfæra“ sérkennilegustu kaflana bæði hvað snerti tónatak og útsetningu. Það var ekki fyrir en líða tók á 20. öldina sem tónsmíðar Músorgskíjs tóku almennt að hljóma óbreyttar í tónleikasölum heimsins og nú þykir hrár stillinn einmitt einn frumlegasti og mest heillandi þátturinn í listsköpun hans.

Einn skoðanabróðir Músorgskíjs í listinni var listmálarinn Viktor Hartmann sem lést árið 1873, 39 ára gamall. Hann hafði reynst tónskáldinu vel og hvatt hann áfram þegar hann var við það að gefast upp á óperu sinni, *Boris Godúnov*. Ári eftir lát Hartmanns var haldin yfirlitssýning á verkum hans, m.a. teikningum og vatnslitamyndum. Í kjölfarið samdi Músorgskíj eitt frægasta verk sitt, píanósvítu sem byggir á tíu áhrifamestu myndum sýningarinnar, „í minningu okkar kæra Viktors.“ Verkið varð til á aðeins þremur vikum í júnímánuði 1874 en það þótti „óþíánistískt“ og fáir lögðu á sig það erfiði að læra það. Það var ekki fyrir en árið 1922 sem gæfan snerist verkinu í hag, þegar Maurice Ravel samþykkti að útsetja svítuna að beiðni rússneska hljómsveitarstjórans Serge Koussevitzky. Ravel var einn snjallasti útsetjari sem sögur fara af og tókst öðrum fremur að glæða tónlist Músorgskíjs nýjum og heillandi litbrigðum.

### **Göngustef**

Við sjáum Músorgskíj fyrir okkur, hægan og alvörugefinn Rússa sem gengur milli mynda á sýningu Hartmanns og raular fyrir munni sér stef með rússneskum blæ. Það hljómar einnig síðar í verkinu í ýmsum búningi. Gegnum breytingarnar sem á því verða heyrast áhrifin sem myndirnar hafa á tónskáldið.

### **Dvergurinn**

Skissa Hartmanns fyrir leikfanga-hnotubrjót: dvergur sem hleygur klunnalega með skakkar lappir. Tónlist Músorgskíjs er ógnvekjandi en Ravel bætir um betur, lætur til dæmis fiðlur og

lágfiðlur skapa draugalegan hljóm með því að renna sér upp og niður strengina nálægt fingrabrettinu.

### ***Gamli kastalinn***

Í vatnslitaskissu Hartmanns syngur trúbadúr við miðaldakastala. Músorgskj semur hér blíðan ítalskan *siciliano*-dans, og í útsetningu Ravels er hann leikinn af nýrri viðbót við símfóníuhljómsveitina á fyrstu áratugum 20. aldar: alt-saxófóninum.

---

### **TÓNLISTIN Á ÍSLANDI**

Sínfóníuhljómsveit Íslands hefur tólf sinnum leikið Myndir á sýningu. Fyrst hljómuðu þær undir stjórn Páls P. Pálssonar árið 1964, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Bohdan Wodiczko (1971), James Blair (1980), Jean-Pierre Jacquillat (1984), Diego Masson (1987, í útsetningu Ashkenazys), Petri Sakari (1992), Zouhuang Chen (1999), Rumon Gamba (2008) og Dmitrj Kítajenko (2013). Sínfóníuhljómsveit æskunnar lék myndirnar í hljómsveitarbúningi Leo Funtek árið 1996 undir stjórn Petri Sakari, Sínfóníuhljómsveit unga fólksins flutti útsetningu Ravels á Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2006 og Ungsveit SÍ flutti hana í Eldborg árið 2014.

### ***Tígulsteinagarðurinn***

Tuileries-garðurinn í París dregur nafn sitt af tígulsteinum sem notaðir voru í stéttarnar fyrir margt löngu. Þar var iðulega krökkt af börnum í fylgd með barnfóstrum sínum og hér bregður Músorgskj upp mynd af ungviði að leik.

### ***Uxakerran***

Bydlo, yfirskrift Músorgskijs, er pólska orðið yfir nautgripi. Hér hafði Hartmann teiknað mynd af pólskri uxakerru með risavöxnum hjólum. Ravel fylgir fyrirælu Rímskíj-Korsakovs um að láta kerruna nálgast úr fjarlægð, fyrst *pianissimo* en sterkar eftir því sem líður á kaflann. Músorgskj biður um að píanistinn leiki *fortissimo* allt frá fyrsta takti.

### ***Dans kjúklinganna í egginu***

Mynd Hartmanns sýndi unga nema við keisaralega ballettskólann dansa ballettinn *Tribij*, sem fyrst var sýndur 1871. Í einu atriðinu, dansi hinna ófæddu kjúklinga, minntu búningar barnanna á risastóra eggjaskurn. Af útsetningu Ravels má ráða að hann hafði lært ýmislegt af ballettónlist Tsjajkovskijs.

### ***Tveir pólskir gyðingar***

Skissur Hartmanns sýna tvo gyðinga, annan ríkan og hinn fátækan. Í tónlistinni býr Músorgskj til dramatískar samræður þeirra á milli; sá ríki (Samuel Goldenberg) er glæsilegur og breiðir mjög úr sér, en sá fátæki (Schmuyle) skelfur og stamar.

### ***Markaðstorgið í Limoges***

Hér heyrast franskur konur rifast heiftarlega og slúðra hverja í kapp við aðra á markaðstorginu. Æsingurinn verður skyndilega að engu þegar við erum minnt á nærveru dauðans í næstu mynd.

### ***Katakomburnar – Cum mortis in lingua mortua***

Mynd Hartmanns, *Katakombur Parísarborgar*, sýnir þrjú menn sem standa í grafhvelfingum neðanjarðar og varpa ljósi á vegg sem samanstendur af eintómum hauskúpum. Hér dregur Músorgskij upp mynd af dimmum hvelfingunum, og Ravel notar málmblásturshljóðfæri á áhrifamikinn hátt til að auka við stemninguna.

### ***Nornakofinn***

Teikning Hartmanns sýnir klukku sem er í laginu eins og nornakofi á hænufótum. Tónlist Músorgskijs sýnir ekki aðeins kofann sjálfan heldur nornareid hinnar ógnvænlegu Böbu Jögu, erkinornar rússneskra þjóðsagna. Hún flýgur um á risastóru mortéli, rænir saklausum börnum og færir þau heim í kofa sinn. Í sumum heimildum er einnig getið um rammgert hlið sem umlýkur kofann, gert úr mannabeinum og hauskúpum.

### ***Hliðið mikla við Kænugarð***

Hartmann hafði gert drög að miklu borgarhliði í Kænugarði í gömlum rússneskum stíl, með „laukturri“ og hvelfingu sem minnti á rússneskan stríðshjál. Hliðið var aldrei byggt en hefur orðið ódauðlegt gegnum glæsilega tónlist Músorgskijs, þar sem stef úr rússneskum kirkjusöng hljóma í bland við mikilfenglegan klukkahljóm.

*Árni Heimir Ingólfsson*

## Á DÖFINNI

**FIM** 30 NOV 19:30

---



## VÍKINGUR LEIKUR MOZART

Uppselt er á þessa glæsilegu tónleika með Dima Slobodeniouk og Víkingi Heiðari Ólafssyni en þeir sem vilja hlýða á leik Víkings Heiðars geta lagt leið sína í Norðurljósasal Hörpu fyrsta desember kl. 18:00. Á fullveldisdaginn leikur Víkingur Heiðar einleik og stjórnar frá flyglinum í píanókonert nr. 24 eftir Mozart. Á dagskránni hljóma einnig kammerverk eftir Arvo Pärt. Kynnar á tónleikunum eru Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson.

**FIM** 07 DES 19:30

---



## AÐVENTUTÓNLEIKAR – BACH OG MOZART

Sally Matthews er ein eftirsóttasta sópransöngkona heims. Hún hefur meðal annars sungið á tónlistarhátíðinni í Salzburg, við Covent Garden og Vínaróperuna, og með Berlínarfilharmoníunni undir stjórn Simons Rattle. Á Aðventutónleikunum syngur Sally m.a. aríu greifynjunnar úr *Brúðkaupi Figarós* og hið sívinsæla *Exsultate, jubilate* eftir Mozart. Hljómsveitarstjóri er Jonathan Cohen, einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Á tónleikunum má einnig heyra *Parísarsinfóníu* Mozarts auk hljómveitararvítu Bachs nr. 3 sem hefur að geyma hina ægifygru „Aríu á G-streng“.

**FIM** 07 DES 19:30

---



## VÍNARTÓNLEIKAR 4., 5. & 6. JANÚAR 2018

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Nokkur af djásnum valsakónsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að *Leðurblökunni* og lýkur á *Dónárvalsinum*. Einnig hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar í meðförum Valgerðar Guðnadóttur og Kolbeins Ketilssonar og dansarar ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ. Hljómsveitarstjóri er Karen Kamensek.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

16. NÓVEMBER 2017

## 1. FIDLA

Nicola Lolli  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pálína Árnadóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Andrzej Kleina  
Pascal La Rosa  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Martin Frewer

## 2. FIDLA

Greta Guðnadóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Christian Diethard  
Mark Reedman  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Roland Hartwell  
Pétur Björnsson  
Hlín Erlendsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir

Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Ásdís Hildur Runólfsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Júlía Mogensen  
Jan Bastian Neven  
Ólöf Sigurveinsdóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Borgar Magnason  
Úlfar Ingi Haraldsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Daniel Bogorad  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## SAXÓFÓN

Guido Werner Baumer

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Felix Schwamm

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvin Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Benjamin Ordaz

## HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## PIANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheildurstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heildurstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

St. Petersburg Festival Ballet  
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands

# Þyrniρός

**Eldborg**

**23. nóv.** kl. 19:30


**24. nóv.** kl. 19:30

**25. nóv.** kl. 13 & 17

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt  
Miðasala í síma 528 5050 og á [harpa.is](http://harpa.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# JÓL & NÝÁR

MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINI

7. DESEMBER 19:30

**AÐVENTU  
TÓNLEIKAR**

16. DESEMBER 14:00 & 16:00

17. DESEMBER 14:00 & 16:00

LITLI  
TÓNSPROTINN  
**JÓLA  
TÓNLEIKAR**

4. & 5. JANÚAR 19:30

6. JANÚAR 16:00 & 19:30

**VÍNAR  
TÓNLEIKAR**

**MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**